

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um kærur og málsmæðferðartíma.

1. *Hversu margar kærur bárust eftirtöldum á hverju ári frá árinu 2013:*

- a. áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema,
- b. málskotsnefnd Lánaþjóðs íslenskra námsmanna,
- c. mennta- og menningarmálaráðuneyti?

a. Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema starfar samkvæmt reglum nr. 1152/2006 skv.

20. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006. Ráðuneytið hefur ekki tæmandi upplýsingar um allar kærur frá árinu 2013. Upplýsingar sem fyrir liggja í ráðuneytinu eru eftirfarandi. Ítreka skal að þessi listi er ekki tæmandi.

Ár	Fjöldi
2013	1 kæra
2014	5 kærur
2016	4 kærur
2017	4 kærur, meðalafgreiðslutími um 15 vikur

b. Málskotsnefnd Lánaþjóðs íslenskra námsmanna:

Ár	Fjöldi
2013	65 kærur
2014	30 kærur
2015	32 kærur
2016	31 kæra
2017	21 kæra
2018	13 kærur

c. Mennta- og menningarmálaráðuneyti:

Ár	Fjöldi
2013	18 kærur
2014	13 kærur
2015	21 kæra
2016	7 kærur
2017	24 kærur
2018	11 kærur

2. Hver var meðalafgreiðslutími á hverju ári? Hver var stysti tími sem tekið hefur að afgreiða kæru og hver var lengsti tími á hverju ári?

a. Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema: Meðalafgreiðslutími um 15 vikur.

b. Málskotsnefnd Lánaþjóðs íslenskra námsmanna:

Ár	Meðalafgreiðslutími	Stysti (frávísun/efnisúrskurður)	Lengsti
2013	4 mánuðir og 10 dagar	5 dagar/3 mánuðir 5 dagar	10 mánuðir
2014	4 mánuðir og 2 vikur	2 vikur/2 mánuðir og 2 vikur	12 mánuðir
2015	4 mánuðir og 1 vika	6 vikur/2 mánuðir og 2 vikur	9 mánuðir
2016	5 mánuðir og 1 vika	2 vikur/2 mánuðir og 3 vikur	22 mánuðir og 2 vikur
2017	5 mánuðir	1 vika/3 mánuðir og 1 vika	9 mánuðir
2018	5 mánuðir	2 vikur/3 mánuðir	14 mánuðir

c. Mennta- og menningarmálaráðuneyti:

Ár	Meðalafgreiðslutími	Stysti (frávísun/efnisúrskurður)	Lengsti
2013	15 vikur	5 dagar	26 vikur
2014	14 vikur	7 dagar	34 vikur
2015	18 vikur	10 dagar	45 vikur
2016	8 vikur	4 vikur	13 vikur
2017	17 vikur	4 dagar	37 vikur
2018	42 vikur	3 vikur	136 vikur

3. Hversu margar kærur voru óafgreiddar hjá hverjum úrskurðaraðila 1. nóvember sl.?

a. Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema: Ekki hafa borist upplýsingar um hvort einhverjar kærur séu óafgreiddar frá nóvember 2018. Ráðuneytið sendi fyrirspurn þess efnis til núverandi formanns en hefur ekki fengið viðbrögð.

b. Málskotsnefnd Lánaþjóðs íslenskra námsmanna: 4 mál.

c. Mennta- og menningarmálaráðuneyti: 7 mál.